

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 148

Febrúar 2021

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar 2021. Fundurinn mun fara fram með rafrænum hætti.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Samkomutakmarkanir vegna Covid 19 valda því að ekki er hægt að halda aðalfund með hefðbundnum hætti. Samkvæmt lögum félagsins skal aðalfundur fara fram í febrúar. Til að ná að framfylgja lögnum verður fundurinn nú í gegnum fjarfundarbúnað.

ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 23. febrúar 2021 kl. 20:00.

7. grein laga JÖRFÍ hljóðar svo: Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal aðalfundur haldinn í Reykjavík fyrir 1. mars ár hvert. Skal hann boðaður með dagskrá í fréttabréfi sem sent er rafrænt eða póstlagt að minnsta kosti 10 dögum fyrir aðalfund og er hann þá lögmaður, ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur hafa borist)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

Aðalfundurinn verður nú haldinn í gegnum fjarfundabúnað enda leyfa samkomutakmarkanir vegna Covid 19 ekki hefðbundinn aðalfund. Félagsfólk mun fá sendan hlekk inn á fundinn tveimur sólarhringum áður en hann hefst en fundurinn verður aðgengilegur í t.d. spjaldtölvu eða snjallsíma. Nauðsynlegar kosningar til embætta munu fara fram með rafrænum hætti á fundinum. Við hvetjum félagsfólk að mæta á fundinn og taka þátt, þó aðstæður leyfi ekki hefðbundið form.

Ef fólk á í erfiðleikum með þetta form, þá bendum við fólki á að fá aðstoð frá vinum og vandamönnum; einnig er hægt að hringja í Magnús Tuma (861-5867), Hálfván (865-9551) eða Guðfinnu (612-9690) á mánudaginn fyrir fundinn (22. febrúar) og fá leiðbeiningar. Mikilvægt

er að félagar JÖRFÍ upplýsi um breytt netföng ef þeim eru hætt að berast fréttabréf og skeyti frá félaginu í tölvupósti (sjá aftar í fréttabréfinu). Félagar sem eru án netfangs og kjósa að fá fréttabréf jafnan í bréfpósti geta sent okkur netfang sem þeir óska fundarhlekkinn sendan á, en mega þá taka fram ef ekki er óskað eftir að netfang í félagatali verði uppfært.

AFMÆLI JÖRFÍ OG COVID

Aðstæður undanfarna mánuði hafa ekki leyft okkur að fagna 70 ára afmæli félagsins á þann hátt sem áætlað var. Við höfum þurft að víkja frá eða hætta við flesta þá viðburði sem til stóð að hafa á síðasta ári. Fræðslufundir gegnum Zoom hafa þó vakið lukku og verið mjög vel sóttir. Ekki eru horfur á að hægt að skipuleggja mannfagnaði á næstunni. Við erum þó alls ekki af baki dottin og stefnum á að gera ýmislegt til hátíðarbrigða næsta haust, þegar aðstæður í þjóðfélaginu leyfa

stjórn JÖRFÍ

NÆSTA ERINDI Í FYRIRLESTRARÖÐ JÖRFÍ

Fyrirlestraröð JÖRFÍ á 70 ára afmælisárinu fór af stað á nýliðnu hausti og hefur verið afar vel tekið. Nú bætist einn fyrirlestur við röðina, og verður honum sem fyrr einungis streymt á netinu. Þann 23. mars munu Hrafnhildur Hannesdóttir og Oddur Sigurðsson flytja erindi um sögu sporðamælinga Jöklarannsóknafélags Íslands, en nú eru ríflega 90 ár frá því að Jón Eyþórsson ýtti verkefninu úr vör.

GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jöklarannsóknafélagsins, eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern fimmtudag kl. 17:30. Í forsvari fyrir hópnum eru Þóra Karlsdóttir (s: 866 3370) og Ástvaldur Guðmundsson (s: 822 2581). Dagskráin fram á haust er hér að neðan.

Dags.	Áfangastaður	Brottför
25. febrúar	Kópavogsdalur	Digraneskirkja
11. mars	Fossvogsdalur	Borgarspítali (að austanv.)
25. mars	Grafarvogur	Korpúlfsstaðir
8. apríl	Nauthólsvík	Nauthóll
22. apríl - kl.14:00	Stíflisdalur	Stíflisdalur
06. maí	Guðmundarlundur	Guðmundarlundur
20. maí	Hvaleyrarvatn	N1 Hafnarfirði
3. júní	Kringum Helgafell	N1 Hafnarfirði
Sumarfrí		
12. ágúst	Búrfellsgjá	Heiðmörk
26. ágúst	Heiðmörk	Vífilsstaðahlíð
9. september	Tröllafoss	Orkan Ártúnsbrekku
23. september	Vatnsmýrin	Norræna húsið

VORFERÐ JÖRFÍ 2020

Vorferð Jökclarannsóknafélagsins er alla jafna farin í lok maí eða byrjun júní og stendur yfir í um viku, þó stundum hafi verið farið í tveggja vikna ferðir. Covid 19 raskaði vorferð síðasta árs og þegar er ljóst að vorferðin 2021 verður einnig með óhefðbundnu sniði. Ferðahópurinn verður, líkt og síðastliðið vor, fámennur þó yfirleitt samanstandi ferðahópurinn af sjálfboðaliðum úr JÖRFÍ, framhaldsnemum í jarðvísindum, ásamt vísinda- og tæknifólki frá m.a. Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofu Íslands.

Sjöfn Sigsteinsdóttir

SKÁLAGJÖLD 2021

Á fundi stjórnar Jökclarannsóknafélagsins þann 14. janúar síðastliðinn var gjaldskrá fyrir gistingar í skálum félagsins ákveðin:

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	4.000,-	5.500,-
Jökulheimar	3.500,-	5.000,-
Esjufjöll	3.000,-	4.500,-
Aðrir skálar	2.000,-	3.500,-

Tekið er við fyrirspurnum um bókanir í skálana á vef félagsins: "<http://jorfi.is/>", en á síðunni eru ítarlegar upplýsingar varðandi bókanir og skálana.

BREYTINGAR Á HEIMILISFÖNGUM OG NETFÖNGUM

Stjórn JÖRFÍ leitast við að halda félagatalinu uppfærðu, og tryggja að tímaritið Jökull og fréttabréf félagsins berist félögum. Hafi heimilisföng eða netföng breyst, eða sakni félagar Jökuls eða fréttabréfs þá viljum við gjarnan fá skeyti þess efnis. Upplýsingar óskast sendar um viðmót á [vefsíðu félagsins](#), eða með tölvuskeyti á "stjorn hjá jorfi.is" eða "halfdana hjá gmail.com".

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfván Ágústsson